

Ár 2015, Miðvikudaginn 17 ágúst kom stjórn SSNV saman til fundar á skrifstofu SSNV á Sauðárkróki og hófst fundurinn kl. 10:00.

Mætt til fundar, Adolf H. Berndsen, Unnur V. Hilmarsdóttir, Valgarður Hilmarsson, Sigríður Svavarsdóttir, Stefán Vagn Stefánsson og Bergur Elías Ágústsson framkvæmdastjóri SSNV sem einnig ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Undirbúningur ársþings 2015

Ársþing SSNV verður haldið föstudaginn 16. október á Blönduósi. Starfsmönnum SSNV er falið að hefja undirbúning þingsins og gerð ársskýrslu fyrir árið 2014. Farið verður yfir dagskrá og áherslur þingsins á næsta stjórnarfund.

2. Rekstrarstaða málaflokka

Framkvæmdastjóri fór yfir rekstur SSNV fyrstu 6 mánuði ársins og kynnti fyrir stjórn.

3. Samþykktir SSNV

Á síðasta ársþingi var ákveðið að endurskoða samþykktir SSNV og til verksins skipaður starfshópur. Starfshópurinn hefur haldið einn fund á árinu. Stjórn ítrekar mikilvægi þess að tillaga að breytingum á samþykktum félagsins liggi fyrir eigi síðar en 15. september nk.

4. Ný heimasíða SSNV

Unnið er við gerð nýrrar heimasíðu fyrir SSNV og er sú vinna nokkuð vel á veg kominn. Stefnt er að því að heimasíðan verði opnuð með formlegum hætti á ársþingi SSNV.

5. Erindi frá framkvæmdastjóra

Fyrir stjórn liggur erindi frá framkvæmdastjóra þar sem hann óskar þess að fá að láta af störfum og starfslok verði um mánaðarmótin ágúst/september. Ástæða beiðninnar er sú að framkvæmdastjóra hefur boðist starf á nýjum vettvangi. Í erindinu kemur fram að framkvæmdastjóri hefur verið mjög ánæður með samstarf sitt við stjórn og starfsfólk SSNV.

Stjórn SSNV samþykkir fyrirbyggjandi beiðni framkvæmdastjóra.

6. Önnur mál

Önnur mál ekki rædd.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 11:30.

Adolf H. Berndsen	(sign.)
Unnur V. Hilmarsdóttir	(sign.)
Valgarður Hilmarsson	(sign.)
Sigríður Svavarsdóttir	(sign.)
Stefán Vagn Stefánsson	(sign.)
Bergur Elías Ágústsson	(sign.)



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA
NORÐURLAND VESTRA